



Nefndasvið Alþingis
Umhverfis- og samgöngunefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Gunnarsholti, 14. nóvember 2018

Efni: Frumvarp til laga um skóga og skógrækt, 231. mál

Með rafbréfi, dags. 1. nóvember, óskaði umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis eftir umsögn Landgræðslu ríkisins um frumvarp til laga um skóga og skógrækt, 231. mál.

Landgræðsla ríkisins fagnar því að fram sé komið lagafrumvarp um skóga og skógrækt. Núgildandi lög um sama efni voru sett rétt eftir miðja síðustu öld og eru eðli málsins samkvæmt barn síns tíma. Með gjörbreyttu samfélagi, aukinni umhverfisvitund og í kjölfar alþjóðlegra samninga og viðmiða sem Ísland vill taka fullan þátt í er eðlilegt að löggjöf um skóga og skógrækt sé uppfærð.

Landgræðsla ríkisins vill koma eftirfarandi á framfæri um efni fyrirliggjandi frumvarps.

Sú skógrækt sem í frumvarpi um skóga og skógrækt er vísað til sem náttúruskóga, þ.e. vernd, endurheimt og endurnýjun birkiskóga, á mikinn samhljóm með þeim verkefnum sem Landgræðsla ríkisins er ætlað að vinna að skv. gildandi lögum um landgræðslu og ekki síður samkvæmt fyrirliggjandi frumvarpi til laga um landgræðslu, sjá 232. mál yfirstandandi þings. Markmiðsákvæði laganna, sjá sérstaklega a-lið (um vernd og aukna útbreiðslu náttúruskóga) og h-lið (að skógrækt stuðli að verndun jarðvegs og dragi úr hugsanlegu tjóni vegna náttúruvár), undirstrika þennan samhljóm og fagnar Landgræðsla ríkisins því að svona sé um pottana búið. Í frumvarpinu er hugtakið náttúruskógur notað og það skilgreint, sbr. 7. tölul. 2. gr., sem skógur (sjálfsáður) sem hefur innlendar trjategundir ríkjandi og eru fimm tegundir taldar upp. Birki er eina innlenda trjategundin sem frá síðustu ísöld hefur myndað skóg¹ og því er spurning af hverju þessi leið er valin. Aðrar tegundir sem nefndar eru í 2. gr. geta allar verið hluti birkivistkerfisins en vart þekkt að þær séu ríkjandi tegund í skógi. Í vistgerðaflokkun Náttúrufræðistofnunar Íslands hafa þrjár vistgerðir birkiskóga verið skilgreindar, þ.e. kjarrskógavist, lyngskógavist og blómaskógavist². Aðrar skógarvistir eru ekki nefndar. Landgræðsla ríkisins telur að æskilegt sé að halda birkiskógavistkerfinu á lofti í frumvarpinu um skóga og skógrækt vegna mikilvægis þess sem eina náttúrulega skógarvistkerfis landsins. Hnignun og eyðing birkiskóga frá landnámi

¹ Hörður Kristinsson, Jón Baldur Hlíðberg og Póra Ellen Þórhallsdóttir, 2018. Flóra Íslands. Forlagið. 742 bls.

² Jón Gunnar Ottósson, Anna Sveinsdóttir og María Harðardóttir (ritstj.), 2016. Vistgerðir á Íslandi. Fjölrit Náttúrufræðistofnunar nr. 54. 299 bls. Leiðrétt rafræn útgáfa september 2017, http://utgafa.ni.is/fjolrit/Fjolrit_54.pdf.

gerir ríkar kröfur til okkar um að vernda og endurheimta þetta vistkerfi. Þá er þessi þáttur mjög mikilvægur í tengslum við þær alþjóðlegu skuldbindingar sem við höfum undirgengist, þ.e. aðgerðir til samþættingar samninga SP um líffræðilega fjölbreytni, loftslagsmál og varnir gegn hnignun og eyðingu vistkerfa.

Sum önnur ákvæði laganna eiga mikið minni samhljóm með verkefnum Landgræðslu ríkisins. Nyttjaskógrækt, þ.e. sá þáttur skógræktar sem miðar frekar að timburframleiðslu til nytja, sbr. stærstan hluta þess sem fram kemur í IV. kafla laganna, er af þessu meiði. Landgræðsla ríkisins fagnar þó því nýmæli sem fram kemur í frumvarpinu að Skógræktin skuli veita framlög til verndar og endurheimtar birkiskóga, sbr. 10. gr.

Í 2. mgr. 4. gr. frumvarpsins, um landsáætlun í skógrækt, segir m.a. að taka skuli mið af markmiðum laga þessara og horft til þess að ná fram hagkvæmri notkun fjármagns og mannafla og samþættingu við aðrar áætlanir ríkis og sveitarfélaga. Þá segir orðrétt í lokamálsgrein sömu greinar: „*Ráðherra skal samræma landsáætlun í skógrækt og landgræðsluáætlun samkvæmt landgræðslulögum*“. Um þetta segir í athugasemdum að ráðherra skuli horfa sérstaklega til þess að samþætta nefndar áætlanir en viðfangsefni áætlana skarast að nokkru leyti. Þá segir að ávæðið opni fyrir að ráðherra geti samræmt vinnu við áætlanagerð og/eða sameinað áætlanirnar eftir að tillögur verkefnisstjórna liggja fyrir. Í frumvarpi til laga um landgræðslu, 6. gr., er sambærilegt ákvæði þar sem þessu er snúið við en lokamálsgrein þeirrar greinar hljóðar svo: „*Ráðherra skal samræma landgræðsluáætlun og landsáætlun í skógrækt samkvæmt lögum um skóga og skógrækt*“.

Nefndum áætlunum, landsáætlun í skógrækt og landgræðsluáætlun, er ætlað að vera stefnumarkandi á hvoru málefnasviði fyrir sig. Lögfesting áætlana þessara er og mikið framfaraskref fyrir hvorn málefnaflokk fyrir sig. Ekki er bara sjálfsagt að áætlanir þessar taki tillit til hvorrar annarrar, heldur er það mikið frekar nauðsynlegt. Það ber þó að halda því til haga, sbr. það sem fram hefur komið hér áður, að sum þeirra verkefna sem fjallað skal um í greindum áætlunum eru ólík að efni til og jafnvel kunna hagsmunirnir í einhverjum tilvikum að skarast. Þannig kann að þurfa, ef sameina á áætlanirnar eins og gefið er undir fótinn með, að miðla málum þar sem markmiðs- og verndarhagsmunir áætlana tveggja fari ekki saman. Landgræðsla ríkisins telur rétt að benda á þetta augljósa atriði strax á þessu stigi.


Að þessu sögðu skal það tekið fram að samstarf Landgræðslu ríkisins og Skógræktarinnar hefur varað áratugum saman og oftar en ekki verið farsælt báðum aðilum og það sem kannski meira máli skiptir – verkefnum stofnananna. Þar er nærtækt að nefna verkefni á borð við Landgræðsluskóga, Hekluskóga og Þorláksskóga. Landgræðsla ríkisins lýsir ánægju sinni með að í 7. gr. er áfram gert ráð fyrir að Skógræktinni sé heimilt að taka þátt í samstarfsverkefnum.

Í 20. gr., um vörslu skóga, segir: „*Óheimilt er að beita búfé í skógi eða á skógræktarsvæði nema með leyfi viðkomandi skógareiganda, enda sé skógurinn eða skógræktarsvæðið afgirt í samræmi við ákvæði girðingarlaga*“.

Ofangreint ákvæði er um margt athyglisvert ekki síst í ljósi athugasemda þeirra er fylgja frumvarpinu. Í athugasemdum (bls. 10) segir eftirfarandi: „Lög um búfjárhald, nr. 38/2013, setja þá meginreglu að allt land sé opið til búfjárbætur nema það sé afgirt. Landeigandi sem vill hefja skógrækt þarf því að girða af sitt land, vilji svo til að búfé gangi í aðliggjandi landareignum. Girðingalög, nr. 135/2001, skilgreina síðan hvað teljast lögmætar og búfjárheldar girðingar“ Þá segir í athugasemdum við 20. gr.: „Eðlilegt er þó að skógareigendur beri ábyrgð á sínum skógum og skógræktarsvæðum og er nú gert ráð fyrir því. Þeir bera jafnframt ábyrgð á því að gæta að 1. mgr. 18. gr. [á væntanlega að vera 1. mgr. 19. gr.] og sjá til þess að beit eyði ekki skógi í þeirra umsjá“

Landgræðsla ríkisins mótmælir harðlega þessari nálgun og telur löngu tímabært að ákvæðum laga verði breytt á þann hátt að búfjáreigendur verði látnir bera ábyrgð á sínu búfé. Það er með öllu óþolandi sú nálgun sem hér birtist, þ.e. að búfjárlausir landeigendur sem vilja nota eignir sínar á þann hátt sem þeir kjósa t.a.m. til skógræktar, skuli þurfa að verjast ágangi með öllum tiltækum ráðum og í ofanálag að sanna að varnir hafi verið fullnægjandi ef upp kemur ágreiningur. Til að bæta svo gráu ofan á svart þá á auk þessa, m.v. það sem fram kemur í tilvitnuðum athugasemdum, að ætla það skógareigendum að sjá til þess að beit eyði ekki skógi í þeirra umsjá – en slíkt væri vissulega lögbrot. Með þessu sýnist vitleysan kórónuð, búfjárlaus skógareigandi á að verjast ágangi búfjár nágranna síns sem enga heimild hefur til búfjárbætur og ef svo illa tekst til að varnir ganga það illa að hinn uppvaxandi skógur eyðist vegna þessa þá er það á ábyrgð landeiganda en ekki búfjáreiganda. Landeigandi kann í þessu tilfelli að þurfa að lúta þvingunarúrræðum af hendi Skógræktarinnar, s.s. dagsektum eða stjórnvaldssektum.

Virðingarfyllt,
f.h. Landgræðslu ríkisins



Árni Bragason,
landgræðslustjóri.